

Faxaflóahafnir sf.
b.t. Gunnars Tryggvasonar
Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

Sameiginlegt útböð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar.

Hinn 4. maí sl. voru tilboð opnuð í EES útböði nr. 15695 "Ytri endurskoðunarþjónusta fyrir Reykjavíkurborg". Borgarstjórn Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 16. þ.m. að kjósa lágstbjóðendur, Grant Thornton endurskoðun ehf. endurskoðunarfyrtæki Reykjavíkurborgar. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar og staðfestingar stjórnar félaga í B hluta Reykjavíkurborgar verður gerður samningur um endurskoðunarþjónustu til næstu fimm ára. Samningurinn mun hljóða upp á kr. 387.992.190. Kostnaður Faxaflóahafna af endurskoðun fyrir reikningsárin 2023 – 2027 verður kr. 21.700.000.

Með þessu bréfi vill endurskoðunarnefnd þakka fyrir þátttöku í útböðinu og minna á að í samræmi við ákvæði sameignarsamnings og laga nr. 3/2006 um ársreikninga þarf nú að kjósa endurskoðunarfélag og leggur endurskoðunarnefnd að samþykkja ráðningu Grant Thornton endurskoðunar ehf. sem endurskoðunarfyrtæki Faxaflóahafna sf. fyrir reikningskil árunna 2023 til og með 2027.

Vakin er athygli á ákvæði útböðsins um að endurskoðunarfyrtækinu er ekki heimilt að taka að sér önnur störf en útböðið nær til án samþykkis endurskoðunarnefndar vegna hlutverks hennar gagnvart samstæðunni í heild sinni. Það er því á ábyrgð stjórnenda að koma beiðnum um önnur störf til endurskoðunarnefndar komi slíkt til á samningstíma útböðsins. Beiðnum skal koma til ritara nefndarinnar Halls Símonarsonar á netfangið innriendurskodun@reykjavik.is.

f.h. endurskoðunarnefndar



Lárus Finnbogason, formaður

Afrit:
Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Meðfylgjandi:
Tillaga endurskoðunarnefndar til borgarstjórnar dags. 8. þ.m.